

LEIÐBEININGAR

UM UPPGJÖR OG UPPLÝSINGASKYLDU ÞÁTTTAKENDA Í PERSÓNUKJÖRI Þ. Á M. PRÓFKJÖRI OG FORVALI

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Leiðbeiningar þessar gilda um reikningsskil frambjóðenda vegna kosningabaráttu þeirra í tengslum við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna. Leiðbeiningarnar mæla fyrir um lágmarksupplýsingar en heimilt er að skila fyllri upplýsingum en mælt er fyrir í þeim.

2. gr.

Heildarkostnaður hvers frambjóðanda af kosningabaráttu í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna má ekki vera hærri en 1 milljón króna að viðbættu álagi sem hér segir:

- Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa, 18 ára og eldri, 75 kr. fyrir hvern.
- Á kjörsvæði með 40.000–49.999 íbúa, 18 ára og eldri, 100 kr. fyrir hvern.
- Á kjörsvæði með 20.000–39.999 íbúa, 18 ára og eldri, 125 kr. fyrir hvern.
- Á kjörsvæði með 10.000–19.999 íbúa, 18 ára og eldri, 150 kr. fyrir hvern.
- Á kjörsvæði með færri en 10.000 íbúa, 18 ára og eldri, 175 kr. fyrir hvern.

Til upplýsingar skal þess getið að miðað við íbúafjölda í kjördæmum hinn 29. október 2012 væri hámarkskostnaður frambjóðenda í hverju kjördæmi eftirfarandi. Hámarkskostnaður frambjóðanda í Reykjavík fer eftir því hvort prófkjör er haldið sameiginlega fyrir bæði kjördæmin eða hvort þeirra um sig.

Hámarkskostnaður frambjóðanda eftir kjördæmum					
KJÖRDÆMI	ÍBÚAFJÖLDI	KR. Á ÍBÚA	SAMTALS ÁLAG V/ÍBÚAFJÖLDA	FASTUR KOSTNAÐUR	HÁMARKS- KOSTNAÐUR
					FRAM- BJÓÐANDA
REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI (HEILD)	119.379	75	8.953.425	1.000.000	9.953.425
REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI NORÐUR	59.236	75	4.442.700	1.000.000	5.442.700
REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI SUÐUR	60.143	75	4.510.725	1.000.000	5.510.725
SUÐVESTURKJÖRDÆMI	85.584	75	6.418.800	1.000.000	7.418.800
NORÐVESTURKJÖRDÆMI	29.665	125	3.708.125	1.000.000	4.708.125
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI	39.248	125	4.906.000	1.000.000	5.906.000
SUÐURKJÖRDÆMI	47.117	100	4.711.700	1.000.000	5.711.700

3. gr.

Frambjóðendum er heimilt að taka á móti allt að 400 þús.kr. framlögum frá einstökum lögaðila eða lögráða einstaklingi til kosningabaráttunnar með þeim takmörkunum, sem frá greinir í þessum kafla.

Framlögum umfram 400 þús.kr. skal skila greiðanda svo fljótt sem kostur er. Takist ekki að skila þeim jafnharðan skal þeim haldið sérstaklega aðgreindum í reikningsskilum frambjóðanda jafnframt því sem þau skulu lögð inn til vörslu á sérstakan bankareikning.

Afli frambjóðandi annarra tekna en um getur í 1. mgr., svo sem með sölu á þjónustu, vöru eða eignum, skulu slík viðskipti fara fram með sama hætti og lúta sömu reglum og viðskipti milli óskyldra aðila á markaði. Verðákvarðanir skulu í þessu sambandi taka mið af markaðs- eða gangvirði í sambærilegum viðskiptum, sbr. 8. gr.

4. gr.

Frambjóðendum er óheimilt að veita viðtöku framlögum frá:

- a. Óþekktum gefendum. Berist frambjóðanda framlag frá óþekktum gefanda skal skila því í ríkissjóð enda hafi ekki gefist tækifæri til að hafna móttöku þess.
- b. Fyrirtækjum að meiri hluta í eigu eða undir stjórn ríkis eða sveitarfélaga.
- c. Opinberum aðilum svo og félögum í sameign ríkis og sveitarfélaga.
- d. Erlendum ríkisborgurum, sem eigi njóta kosningaréttar hér á landi, fyrirtækjum eða öðrum aðilum, sem skráðir eru í öðrum löndum.

5. gr.

Framlög tengdra aðila, sbr. 9. gr., skulu talin saman. Samanlögð framlög þeirra mega aldrei fara fram úr 400 þús.kr.

Nöfn allra lögaðila, sem veita framlög til kosningabaráttu frambjóðanda svo og fjárhæð þeirra skal Ríkisendurskoðun birta opinberlega. Einnig ber að birta nöfn einstaklinga, er veitt hafa framlög til kosningabaráttu frambjóðandans, sem eru metin á meira en 200 þús.kr.

6. gr.

Með framlögum í skilningi reglna þessara er átt við framlög til frambjóðenda og kosningabaráttu hans, hvort heldur eru bein fjárframlög eða önnur gæði, sem metin verða til fjár, án tillits til þess hvaðan þau koma eða hvers eðlis þau eru með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í reglum þessum. Til framlaga í þessum skilningi teljast m.a.:

- a. Allir afslættir, sem ekki eru almennir og opinberir af markaðsverði hvers konar vöru, sbr. nánar í 7. og 8. gr.
- b. Ívilnanir og eftirgjafir, þar með taldir afslættir, sem ekki eru almennir og opinberir af markaðsverði hvers konar þjónustu, svo sem afsláttur af markaðsverði auglýsinga, húsaleigu eða öðru endurgjaldi fyrir afnot af fasteignum. Almennir og opinberir afslættir, sem standa öllum til boða í samræmi við gjaldskrá eða almenna viðskiptavenju teljast ekki framlög í skilningi 3. gr. enda séu þeir sérstaklega aðgreindir á sölureikningum.

- c. Endurgjaldslaus afnot af vinnuafli, þ.e.a.s. starfskröftum launaðra starfsmanna ef aðrir en frambjóðandi bera launakostnaðinn. Sjálfboðavinna telst ekki framlag í skilningi 3. gr.
- d. Endurgjaldslaus afnot af búnaði og tækjum, þó ekki afnot af lausafé í eigu sjálfboðaliða, sem ekki er notað í atvinnurekstri.
- e. Eftirgjöf eftirstöðva skulda, hvort sem er að hluta eða öllu leyti, óvenjuleg lánakjör eða fjármagnsfyrirgreiðsla.

7. gr.

Ef sérstakur afsláttur hefur verið veittur af markaðsverði, sbr. a-lið 6. gr., skal mismunur markaðsverðs og raunverðs tilgreindur sem framlag í reikningsskilum frambjóðanda. Önnur framlög, svo sem endurgjaldslaust lán vinnuafls, aðstöðu eða búnaðar, að undanskildu því sem um getur í d-lið 6. gr., skulu metin til peningaverðs á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma og tilgreind í uppgjöri á því verði.

8. gr.

Með markaðsverði í skilningi reglnanna er átt við almennt gangverð í viðskiptum með vöru eða þjónustu milli ótengdra aðila að teknu tilliti til afsláttar, sem veittur er með almennum og opinberum hætti á viðskiptalegum grunni. Við mat á endurgjaldi, sem ekki er í formi reiðufjár, skal eftir því sem við verður komið miðað við skattmat Ríkisskattstjóra. Nú liggur gangverð ekki fyrir og skal þá við mat á gæðum eða hlunnindum, sem ekki hafa verið í krónum talin, m.a. litið til þess kostnaðar, er frambjóðandinn hefði þurft að leggja út fyrir gæðum þessum, nema í gildi sé sérstakt skattmat um þau.

9. gr.

Telja skal saman framlög tengdra aðila. Með tengdum aðilum í skilningi laga er átt við lögaðila, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár og atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum, enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum.

Sama á við ef einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhlutur og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

II. KAFLI

Reikningsskil frambjóðenda

10. gr.

Frambjóðandi skal halda fjárreiðum framboðsins aðskildum frá einkafjárreiðum sínum. Í því skyni skal hann stofna sérstakan bankareikning fyrir framboðið, þar sem færa skal allar peningalegar innborganir eða útborganir í tengslum við það. Halda skal sérstakt bókhald um gjöld tengd framboðinu svo og tekjur, hvort sem er í formi peningalegra greiðslna eða framlaga í öðrum gæðum. Allar færslur í bókhaldinu skulu byggja á fullnægjandi fylgiskjölum eða gögnum, svo sem frumriti reikninga, kvittunum fyrir móttækin framlög o.s.frv. Um bókhaldið og reikningsskil skulu gilda eftir því sem við á ákvæði bókhaldslaga nr. 145/1994.

11. gr.

Frambjóðandi skal í bókhaldinu gera sérstaka grein fyrir sínum eigin framlögum, hvort sem um er að ræða framlög í reiðufé eða útlögðum kostnaði. Færa skal kostnað, er frambjóðandi leggur út fyrir, sem eigið framlag frambjóðandans til framboðsins.

12. gr.

Frambjóðandi skal halda sérstaka skrá yfir einstök framlög, sem metin eru til fjár, þar sem fram komi nafn og kennitala viðkomandi styrktaraðila. Framlög tengdra aðila, sbr. 9. gr. skal telja saman. Framlög, t.d. í formi endurgjaldslausra afnota af vinnuafli, kostunar á auglýsingum eða annarri þjónustu eða vöru, skal tekjufæra sem framlag til framboðsins jafnframt því að færa skal viðkomandi útgjöld til gjalda í bókhaldinu. Njóti frambjóðandi sérstaks afsláttar af markaðsverði, sbr. a. liður 6. gr. og 7. gr., skal hann á sama hátt færður sem framlag til framboðsins. Viðkomandi vara eða þjónusta skal þá gjaldfærð á markaðsverði en hinn sérstaki afsláttur færður til tekna.

13. gr.

Sé framboð fjármagnað með lántökum skal gera ítarlega grein fyrir lánveitanda, lánsfjárhæð og lánskjörum í skýringum í reikningsskilum framboðsins. Eftirgjöf skulda og bersýnilega ívilnandi lánskjör skulu metin sem framlag lánveitanda til framboðsins.

14. gr.

Frambjóðendur skulu skila Ríkisendurskoðun sérstöku fjárhagslegu uppgjöri um kosningabaráttu sína eigi síðar en þremur mánuðum frá því að persónukjorið fór fram. Á vefsíðu Ríkisendurskoðunar (www.rikisendurskodun.is) er að finna uppgjörssform, sem uppgjörsskyldir frambjóðendur geta nýtt sér, kjósi þeir svo.

Frambjóðendur eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef heildartekjur vegna framboðsins eða heildarkostnaður við kosningabaráttuna fer ekki fram úr 400 þús.kr. Æskilegt er að þeir skili Ríkisendurskoðun sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi. Á vefsíðu Ríkisendurskoðunar er til hægðarauka fyrir frambjóðendur að finna sýnishorn af yfirlýsingu hér að lútandi.

Uppgjöri eða eftir atvikum yfirlýsingu skv. þessari grein er hægt að skila með rafrænum hætti, sbr. nánari leiðbeiningar þar um á vefsíðu Ríkisendurskoðunar. Heimilisfang Ríkisendurskoðunar er Bríetartún 7 (Skúlagata 57), 105 Reykjavík.

15. gr.

Ef uppgjör vegna kosningabaráttu vegna persónukjörs sýnir jákvæða eða neikvæða fjárhagsstöðu skal frambjóðandi árlega skila nýju uppgjöri til Ríkisendurskoðunar allt þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða skuld verið greidd.

16. gr.

Leiðbeiningar þessar eru settar með heimild í 10. gr. laga nr. 162/2006, um fjármál stjórn-málasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, og taka þegar gildi.